

Íbúaráð Breiðholts 3. apríl 2024: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í íbúaráði Breiðholts um verk- og framkvæmdaáætlun vegna skiptistöðvar í Mjódd MSS24030167

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts beini því til borgarráðs að ráðið tryggi að verk- og framkvæmdaáætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. október 2024 sem miði að því bæta og styrkja skiptistöðina í Mjódd. Í slíkri áætlun verði að lágmarki tekin afstaða til eftirfarandi atriða: Að opnunartími skiptistöðvarinnar verði lengdur; Að öryggisgæsla við skiptistöðina verði aukin; Að aðgangur notenda skiptistöðvarinnar að fullnægjandi salernisaðstöðu verði tryggður; Að tillögur að framtíðaruppbyggingu mannvirkisins, sem skiptistöðin er hluti af, verði lagðar fram.

Greinargerð:

Skiptistöðin í Mjódd er sú stærsta á höfuðborgarsvæðinu, sbr. 4. dagskrárlið fundargerðar stjórnar Strætó bs. 16. febrúar 2024. Árið 2015 tók Reykjavíkurborg, sem eigandi mannvirkisins, við rekstri skiptistöðvarinnar af Strætó bs. Síðan þá hefur rekstur skiptistöðvarinnar verið verulega ábótavant. Tilgangur tillögunnar er að bæta úr þessu.

Bent er á að á fundi borgarstjórnar 3. janúar 2023 var samþykkt að beina tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um umbætur á skiptistöðinni í Mjódd til borgarráðs. Síðan þá hefur borgarráð ekkert í málinu gert, svo vitað sé. Með samþykkt þessarar tillögu myndi íbúaráð Breiðholts þrýsta á borgarráð að grípa til aðgerða og að málið væri sett í slíkan forgang að því myndi ljúka eigi síðar en 1. október næstkomandi.